

Miðvikudaginn 19. febrúar 1992.

Nr. 80/1991. **Lúðvík Gizurarson**

gegn

Ragnari Halldóri Hall,
setuskiptaráðanda í Rangárvallasýslu,
f.h. dánarbús Ólafs Bergsteinssonar,
Bergsteini Gizurarsyni,
Sigurði Gizurarsyni og
Sigríði Gizurardóttur.

Skiptaréttarmál. Dánarbú. Sönnun. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. febrúar 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 18. sama mánaðar.

Áfrýjað er úrskurði skiptaréttar Rangárvallasýslu 15. nóvember 1990.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að sér verði úrskurðaður 99,9% eignarhlutur í dánarbúi Ólafs Bergsteinssonar eða lægri hundraðshluti að mati Hæstaréttar. Til vara krefst hann endurgreiðslu úr búinu á 25.000.000 króna með vöxtum eða á lægri fjárhæð að mati réttarins. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar.

Ekki var sótt þing af hálfu stefndu við þingfestingu málsins, en þeim var löglega stefnt fyrir Hæstarétt. Af hálfu hins stefnda setuskiptaráðanda í Rangárvallasýslu var sótt þing 2. október 1991 og 1. nóvember sama ár. Við fyrirtöku málsins 2. desember 1991 sótti enginn hinna stefndu þing, og var málinu þá frestað til flutnings.

Stefndu hafa ekki sent Hæstarétti kröfur eða greinargerðir.

Málið er flutt skriflega samkvæmt heimild í 2. mgr. 47. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands og dæmt eftir fram lögðum skilríkjum.

Fallast verður á það með skiptaráðanda, að ekki sé fram komið, að áfrýjandi hafi eignast hlut í eignum Ólafs heitins Bergsteinssonar. Einnig verður að fallast á, að ekki sé lagagrundvöllur til að taka varakröfu hans til greina.

Ber því að staðfesta skiptaréttarúrskurðinn.

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður skiptaréttar Rangárvallasýslu 15. nóvember 1990.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 14. nóvember 1990.

Sóknaraðili, Lúðvík Gizurarson, Grenimel 20, Reykjavík, gerir þær kröfur aðallega, að sér „verði úrskurðaður 99,9% eignarhlutur“ í dánarbúi Ólafs Bergsteinssonar eða lægri prósentu að mati skiptaréttarins. Til vara gerir hann kröfu um „endurgreiðslu úr búinu á 25 milljónum kr. með dómvöxtum frá 1. október 1990 eða lægri fjárhæð að mati skiptaréttarins“. Enn fremur krefst hann málskostnaðar.

Sóknaraðili er einn af fjórum erfingjum dánarbús Ólafs Bergsteinssonar, sem síðast átti lögheimili að Árgilsstöðum í Hvolhreppi, Rangárvallasýslu, og lést 6. júní 1986. Dánarbúið er til opinberra skipta. Hinn 5. janúar 1987 var Ragnar Halldór Hall borgarfégeti skipaður setuskiptaráðandi í búinu, og kveður hann upp úrskurð þennan.

Erfingjar búsins eru auk sóknaraðila systkin hans þrjú, Sigríður, Sigurður og Bergsteinn Gizurarbörn. Við skiptameðferðina hefur sóknaraðili sett fram framangreindar kröfur, og mótmæltu tveir af erfingjunum þeim og töldu kröfurnar ekki hafa lagastoð, þ.e. þeir Sigurður og Bergsteinn, en Sigríður hefur ekki sótt skiptafundi, þar sem fjallað hefur verið um kröfurnar. Á skiptafundi í búinu 16. október s.l. krafðist sóknaraðili þess, að kröfur sínar yrðu teknar til greina með úrskurði, og var rekstur þessa skiptaréttarmáls þá ákveðinn. Kvaðst Bergsteinn Gizurarson myndu taka til varna í skiptaréttarmálinu, en Sigurður Gizurarson lýsti yfir, að hann teldi nægilegt, að málið yrði dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum sóknaraðila.

Bergsteinn Gizurarson hefur ekki sótt þing og því ekki komið fram beinar kröfur frá honum undir rekstri málsins. Með því að enginn af erfingjum búsins hefur því tekið sjálfstætt til varna í málinu, verður dánarbúið sjálft talið varnaraðili þess, en af þess hálfu hafa engar kröfur verið gerðar.

Sóknaraðili gerir þá grein fyrir aðalkröfu sinni, að hann hefði látið hinum látna í té mjög mikla fjárhagsaðstoð á löngu tímabili fyrir andlát hans. Sé eðlilegast, að sér verði dæmdur eignarhluti (prósentu) af dánarbúinu sem endurgjald, og sé það raunar eini möguleikinn til, að hann fái þessa fjárhagsaðstoð endurgreidda. Hæstiréttur hafi hafnað þeirri kröfu sinni, að fjárhagsaðstoð þessi teljist „arfur“. Því sé rétt að líta svo á, að í arfleiðsluskrá hins látna, dags. 14. júlí 1968, felist sameignarsamningur sóknaraðila og hins látna, auk þess sem það skjal sé arfleiðsluskrá, enda sé þar talað um hluta búsins á móti fjárhagsaðstoð. Það hafi aldrei verið

sín hugsun og ekki hins látna heldur, að líta bæri á fjárhagsaðstoð sóknaraðila við hann sem peningalán. Sóknaraðili hafi haldið búi hins látna gangandi upp á það að taka við því á móti að hluta eða öllu leyti.

Sóknaraðili telur, að í erfðaskrá hins látna komi fram viðurkenning á því, að hann hafi fram að þeim tíma verið að greiða afborganir og vexti af áhvilandi veðskuldum á jörðinni. Aðrir aðilar máls þessa hafi ekki gert neitt til að hjálpa Ólafi heitnum með þessar greiðslur. Árgjöldin vegna áhvilandi veðskulda hafi verið ca. 15.000 kr. upp úr 1950, en hækkað upp í rúmlega 40.000 kr. 1962, eftir að lausaskuldalán hafi verið tekið 28/6 1962. Þar sem þetta verði ekki endurgreitt með arfi, sé eignarhlutur í búinu eðlileg lausn.

Sóknaraðili reifar fjárhagsaðstoð sína við Ólaf heitinn í löngu máli í greinargerð sinni, sem er 24 blaðsíður að lengd. Þykir ekki ástæða til að reifa þær lýsingar í úrskurði þessum.

Leggja verður úrskurð á mál þetta eftir framlögðum skjölum og skilríkjum sóknaraðila og málsútlistun hans eftir meginreglu 118. gr. laga nr. 85/1936.

Meginmál erfðaskrár Ólafs Bergsteinssonar er svohljóðandi:

Ég, Ólafur Bergsteinsson, Árgilsstöðum, Hvolhreppi, Rangárvallasýslu, ánafna hér með þeim Lúðvík, Bergsteini og Sigurði Gizurarsonum og Sigríði Gizurardóttur, öllum í Reykjavík, öllum eignum mínum eftir minn dag, en eignir mínar eru aðallega jörðin Árgilsstaðir (suðurbær) ásamt búslóð og mannvirkjum. Skulu þessi bróðurbörn erfa mig að jöfnu.

Jafnframt þessu taka þau að sér að greiða afborganir og vexti af áhvilandi veðskuldum á jörðinni, eins og þær eru í dag, enda hafa þau gert það undanfarin ár, eins og samkomulag hefir verið um á hverjum tíma.

EKKI verður með nokkru móti fallist á það með sóknaraðila, að í þessu skjali sé fólgin yfirlýsing Ólafs Bergsteinssonar um, að sóknaraðili sé sameigandi að eignum hans eða að til standi, að þeir verði sameigendur að þeim. EKKI verður heldur fallist á, að í texta skjalsins komi fram, að sóknaraðili hafi veitt arfleiðandanum meiri fjárhagsaðstoð en aðrir, sem þar eru nefndir, sbr. orðalagið: „... enda hafa þau gert það undanfarin ár ...“. Skjalið kveður einfaldlega á um það, hvert eftirlátnar eignir Ólafs skuli renna að honum látnum. Sóknaraðili hefur engin haldbær gögn lagt fram um sameignarrétt sinn að eignum, sem Ólafur Bergsteinsson lét eftir sig. Verður því að hafna með öllu aðalkröfu hans.

Sóknaraðili hefur engin gögn lagt fram í máli þessu, sem beri með sér, að hann hafi látið Ólafi heitnum Bergsteinssyni í té fjármuni, sem hann geti nú að honum látnum krafði dánarbú hans um greiðslu á. Í málsreifun hans er engin tilraun gerð til að gera grein fyrir því, hvernig varakrafa hans

um greiðslu á 25.000.000 kr. er fundin, og ekki þykja vera nein lagaskilyrði til, að rétturinn ákveði honum aðra lægri fjárhæð á þeim grundvelli, sem krafan er reist á. Verður þegar af þeirri ástæðu að hafna varakröfu hans.

Í málsútlistun sóknaraðila er nefnt, að Hæstiréttur hafi hafnað því, að fjárhagsaðstoð hans við Ólaf heitinn verði gerð upp með auknum arfi úr búinu. Hér mun sóknaraðili eiga við dóm Hæstaréttar 26. september 1990 í máli nr. 430/1989. Sá dómur fjallar ekki um uppgjör á fjárkröfum sóknaraðila né um réttmæti kröfu hans til hlutdeildar í eignum dánarbúsins.

Samkvæmt framangreindu er það niðurstaða máls þessa, að bæði aðal- og varakröfu sóknaraðila er hafnað.

Málkostnaður verður ekki úrskurðaður.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, Lúðvíks Gizurarsonar, í máli þessu er hafnað.
